

Nokkrar borholur í nágrenni Reykjavíkur



Haukur Jóhannesson

Þorgils Jónasson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/021

Ágúst 2013

Inngangur

Farinn var leiðangur um nágrenni Reykjavíkur þ. 22. júlí 2013 til að leita uppi og GPS-mæla inn nokkrar borholur. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar en aftar eru ljósmyndir af þeim og kort með holunum.

1. tafla. Upplýsingar um nokkrar borholur í nágrenni Reykjavíkur (staðsetningar í WGS-84).


Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
481	AL-01	Breiðholt?	29,6	1971/1975	64° 06.930	21° 49.880
10841	GS-01	Krýsuvík	40	1968/2000	63° 52.775	22° 04.368
10842	GS-02	Krýsuvík	31	2000	63° 52.772	22° 04.376
13564	TF-01	Skeggjastaðir	241,5	1970/1971	64° 12.584	21° 32.075
13562	SS-02	Skeggjastaðir	3,5	1979	64° 12.399	21° 33.675
13563	SS-03	Skeggjastaðir	7,6	1979	64° 12.399	21° 33.675
13001	HH-00	Hrafnhólar	10,4	1970	64° 12.560	21° 34.740
13002	HH-01	Hrafnhólar	89	1970/1971	64° 12.560	21° 34.740
13121	ST-01	Mosfell	30	1985	64° 11.147	21° 37.075
12911	GH-02	Vilborgarkot	28	1963/1966	64° 05.561	21° 42.256
2371	VR87-04	Vilborgarkot	7,5	1987	64° 05.579	21° 42.313
1851	VR87-05	Hólmur	15,8	1987	64° 05.469	21° 43.670
1852	VR87-06	Hólmur	16	1987	64° 05.371	21° 43.500
12913	VR87-08	Hólmur	33,4	1987	64° 05.507	21° 43.485
2362	VR87-03	Hólmur	15	1987	64° 05.100	21° 41.779
9023	VR87-02	Hólmur	13,5	1987	64° 05.320	21° 41.645
10878	HÓ-08	Hólmur	8,5	2011 eða 2012	64° 05.350	21° 43.541

AL-01

Borhola AL-01 er sunnan til í stóra hólmanum neðan við Höfðabakkabrúna. Hún er rétt norðan við göngustíg sem liggur með suðurlandinu í hólmanum. Að líkindum er holan í landi Breiðholts. Holan er í þokkalegu standi.



1. mynd. Borhola AL-01 í Elliðaárdal.




2. mynd. Staðsetning borholu AL-01 í Elliðaárdal.

GS-01

Borhola GS-01 í Krýsuvík er um 280 metra suðvestur af heilsuhælinu. Hún er þar á flatlandi en mokað hefur verið upp jarðvegshól umhverfis hana. Steyptur brunnur er yfir holunni og í henni er dæla og vatnið nýtt á heilsuhælinu.



3. mynd. Borhola GS-01 í Krýsuvík.



4. mynd. Staðsetning borholna GS-01 og GS-02 í Krýsuvík.

GS-02

Borhola GS-02 er 10-15 metrum suðvestan við borholu GS-01. Steyptur brunnur er yfir holunni.




5. mynd. Borholur GS-02 og GS-01 í Krýsuvík.

TF-01

Borhola TF-01 við Tröllafoss er í landi Skeggjastaða og er um 100 metra suðvestur af fossinum. Hún er austan undir hól og er sjálf neðst á víðáttumiklum eyrum sem eru ofan við fossinn. Holulokið er farið að láta verulega á sjá og holan því hálfopin.



6. mynd. Borhola TF-01 við Tröllafoss.




7. mynd. Staðsetning borholu TF-01 við Tröllafoss.

SS-02 og SS-03

Borholur SS-02 og SS-03 á Skeggjastöðum eru um 250 metra norðan við bæinn. Nú sést aðeins til holu SS-03 og er hún á eyrinni rétt við syrði bakka Leirvogsár. Steyptur hefur verið brunnur utan um holuna en hann hefur allur gengið til. Holan er ekki notuð í dag. Hóla SS-02 var mjög nærri holu SS-03.



8. mynd. Borhola SS-03 á Skeggjastöðum.



9. mynd. Staðsetning borholna á Skeggjastöðum og Hrafnhólum.

HH-00 og HH-01

Borholurnar eru um 630 metra vestur af Hrafnhólabænum. Þær eru í grasivaxinni eyri norðan megin við Leirvogsa. Eyrin afmarkast að norðan af vatnslítilli lænu sem rennur undir malarbakka. Holurnar eru ofarlega í eyrinni. Hóla HH-00 sést ekki en var nærri hólum HH-01. Hólan er á kafi í grasi og sinu og erfitt að finna hana. Hún er opin og óvarinn.



10. mynd. Borhóla HH-01 á Hrafnhólum.




11. mynd. Borhola HH-01 á Hrafnhólum.

ST-01

Borhola ST-01 er um 175 metra austan við kirkjuna á Mosfelli. Hún er þar í krika milli heimreiðarinnar að kirkjunni og að bæjunum þar austur af. Hún er 15-20 m frá veginum. Holan er í þokkalegu ásigkomulagi.



12. mynd. Borhola ST-01 á Mosfelli.




12. mynd. Staðsetning borholu ST-01 á Mosfelli.

GH-02

Hola GH-02 er í skúr skammt norðan Suðurlandsvegur gegnt Geithálsi. Holan er norðan við veginn að hesthúsabyggð sem þar er skammt austar. Í holunni mun vera dæla og vatnið nýtt í hesthúsabyggðinni.



13. mynd. Borhola GH-02 við Geitháls. Myndin tekin frá holu VR87-04.



14. mynd. Staðsetning GH-02 og VR87-04 við Geitháls.

VR87-04

Holan er um 60 metra norðvestan við borholu GH-02. Holan er á malarplani og er í góðu standi.



15. mynd. Borhola VR87-04 við Geitháls.

VR87-05

Holan er um 360 metra vestan við Hólmsbæinn. Hún er vestan við veg sem liggur að sumarhúsum við Suðurá. Holan sést vel frá veginum og er þar í mosagrónu hrauni. Holan er í góðu standi.




16. mynd. Borhola VR87-05 á Hólmi.



17. mynd. Staðsetning borholna í landi Hólms.

VR87-06

Holan er um 80 metra norðan við Suðurá. Hún er skammt norðan við nokkur sumarhús sem þar eru. Ástand holunnar er gott. Um 10-15 metrum vestan við holuna er óskráð R-hola.



18. mynd. Borhola VR87-06 á Hólmi.

VR87-08

Holan er við vegamótin þar sem ekið er heim að Hólmsbænum. Hún er í vegkantinum norðan við heimreiðina og er á kafi í lúpínu og sést illa. Hún er í góðu ástandi.




19. mynd. Borhola VR87-08 á Hólmi.

VR87-03

Holan er skammt vestur af Heiðmerkurveginum innri. Hún er í hálfgerðu flagi og sést þokkalega. Ástand hennar er gott.



20. mynd. Borhola VR87-03 á Hólmi.



21. mynd. Staðsetning borholna VR87-02 og VR87-03.

VR87-02

Holan er á árbakka Hólmsár skammt fyrir ofan brúna á Suðurlandsveginum neðan við Gunnarshólma. Ástand holunnar er gott. Um 10 metra ofar með ánni er óskráð R-hola.



22. mynd. Borhola VR87-02 á Hólmi.

HÓ-08

Holan er um 25 metra norðan við Suðurá og við sumarbústað. Hún er skammt frá holu VR87-06. Steyptur brunnur er yfir holunni og timburpak yfir henni að fornum sið. Í henni er væntanlega dæla og vatnið er nýtt í sumarhúsinu til neyslu.



23. mynd. Borhola HÓ-08. Á Hólmi.